

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 223/2012****2013/EES/18/19****frá 7. desember 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (endurúttefin) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32012 R 0748:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (endurúttefin) (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2011 frá 19. desember 2011 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

⁽³⁾ Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 51, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 58.